

Reglur um stuðning Fljótsdalshéraðs við afreksfólk í íþróttum til að ná hámarksárangri í sinni íþróttagrein undir stjórn þjálfara

Til að iðkandi eigi rétt á að nýta sér ákvæði þessara reglna þarf hann að vera skráður í íþróttafélag á Fljótsdalshéraði sem er aðili að UÍA.

Iðkandi hjá íþróttafélagi, samkvæmt reglum þessum, sem æfir undir stjórn þjálfara á þess vegum og keppir undir merkjum félagsins, ásamt því að stefna markvisst að bættum árangri og markmiðum félagsins, á rétt á gjaldfrjálsum afnotum af Héraðspreki. Forsendan er þrekæfingaáætlun sem gerð er fyrir iðkandann. Í henni skal koma fram hve marga tíma iðkandi á að nota í Héraðspreki, á skilgreindu tímabili, til að ná þeim markmiðum sem þjálfari setur. Við það er miðað að um sé að ræða ákveðið þjálfunarátak sem tengist keppnum eða undirbúningi fyrir Íslands- og bikarmót sérsambanda ÍSÍ, undirbúningi fyrir landsliðsverkefni eða sambærilegt. Þjálfarar viðkomandi félags eða deilda þess eru ábyrgir fyrir hvaða einstaklingar fá aðgang að Héraðspreki án endurgjalds. Áætlun skal skila inn til forstöðumanns íþróttamiðstöðvar við byrjun æfingátímabils iðkanda.

Mögulegt er að víkja í undantekningartilvikum frá ákvæðum um keppni fyrir félag sem aðili er að reglunum ef iðkandi er búsettur í sveitarfélaginu en vegna aðstæðna getur ekki keppt fyrir félagið. Með því er átt við ef búnaður eða aðstaða sem þarf vegna keppnisþátttöku er ekki til staðar í sveitarfélaginu eða iðkandi hefur náð lengra í sinni grein en svo að mögulegt sé að keppa fyrir hönd félags í sveitarfélaginu.

Börn yngri en 16 ára (eða sem verða 16 ára á árinu) fá ekki aðgang að Héraðspreki samkvæmt þessu nema í undanþágutilvikum og skal rökstudd beiðni um slíkt berast forstöðumanni íþróttamannvirkja frá formanni viðkomandi íþróttafélags.

Þjálfari viðkomandi einstaklings skal skila lista til forstöðumanns íþróttamannvirkja með nafni þess eða þeirra sem hann telur að eigi rétt á eða þurfi afnot af Héraðspreki án endurgjalds út frá æfingatóflu sem er gerð fyrir iðkandann. Um áramót, fyrir 1. júní og fyrir 1. september skal samráðshópur sem skipaður er forstöðumanni íþróttamannvirkja og formanni eða fulltrúa viðkomandi íþróttafélags fara yfir notendalista og gera á honum viðeigandi breytingar. Einstaklingur sem hefur haft afnot af Héraðspreki samkvæmt þessu en telst ekki lengur fullnægja skilyrðum til að njóta þessara fríðinda skal tekinn af afnotaskrá og ber að skila korti til forstöðumanns íþróttamannvirkja.

Þjálfari einstaklings skal skila réttum notendalista til forstöðumanns íþróttamannvirkja í hvert sinn sem breytingar verða á honum, þ.e. þegar nýr bætist við eða einhver dettur út af honum. Listinn skal staðfestur af formanni viðkomandi deildar.

Vilji þjálfari koma með hóp íþróttafólks í Héraðsprek þá hafi hann samband við forstöðumann íþróttamannvirkja með fyrirvara. Sé viðkomandi hópur ekki á lista um frí afnot greiði viðkomandi samkvæmt gjaldskrá.

Aðgangur að Héraðspreki samkvæmt þessu skal sem mest vera fyrir utan aðalaðsóknartíma annarra gesta, sem er fyrir kl. 8.00 og milli kl. 16.00 og 19.00 á virkum dögum.

Samtals hafa íþróttafélögin allt að 3.120 gjaldfrjálsa tíma til afnota í Héraðspreki samkvæmt reglum þessum. Verði tímanotkun minni en sem því nemur skal sú niðurstaða gilda við uppgjör íþróttamiðstöðvar við Fljótsdalshérað.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fyrir september 2017.

Samþykkt í bæjarráði Fljótsdalshéraðs 9. desember 2016